RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisreikningur

Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2025

Endurskoðunarskýrsla

September 2026

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun á ríkisreikningi, þ.e. ársreikningi samstæðu og ársreikningi A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2025. Markmið endurskoðunarinnar er að skila áliti á ríkisreikningi og ársreikningi A-hluta ríkissjóðs.

Reikningarnir eru lagðir fram af fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóra og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð Ríkisendurskoðunar felst í því áliti sem látið er í ljós á reikningunum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Samkvæmt þeim ber Ríkisendurskoðun að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni á þann hátt að nægjanleg vissa fáist um að ríkisreikningur sé án verulegra annmarka. Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ríkisreikningi. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati Ríkisendurskoðunar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ríkisreikningi, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Við áhættumat er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ríkisreiknings til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggi viðunandi árangur. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur beita við gerð ríkisreiknings sem og mat á framsetningu hans í heild.

Ríkisreikningur samstæðu og ársreikningur A-hluta ríkissjóðs eru hvor um sig áritaðir af ríkisendurskoðanda.

Í skýrslu þessari er fjallað almennt um vinnu við endurskoðun ríkisreiknings og þær niðurstöður sem Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að Alþingi, fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri fái upplýsingar um. Í skýrslu þessari er því ekki fjallað um öll mál sem upp hafa komið við endurskoðunina. Endurskoðunarvinna byggir á góðu samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýslu ríkisins. Stjórnendur og starfsfólk veitti þá aðstoð sem óskað var eftir og brást vel við ábendingum. Ríkisendurskoðun færir þeim bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Frekari upplýsingar í tengslum við skýrsluna veitir:

Guðmundur Björgvin Helgason
Ríkisendurskoðandi

RÍKISENDURSKOÐUN
Bríetartún 7, 105 Reykjavík
Glerárgata 34, 600 Akureyri
Sími: 448 8800

Efnisyfirlit

1 Ábendingar og athugasemdir 4

2 Áritun ríkisendurskoðanda og staðfesting stjórnenda 8

1.1 Áritun 8

1.2 Óhæði og hlutverk 8

1.3 Sviksemi 9

1.4 Staðfestingarbréf stjórnenda 9

1.5 Ábyrgð Ríkisendurskoðunar 9

3 Áhættumat og mikilvægi 10

4 Endurskoðun ársins 13

4.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar 13

4.2 Gerð ríkisreiknings 13

4.3 Flokkun ríkisaðila og reikningsskilareglur 15

4.4 Leiðréttir og óleiðréttir mismunir 16

4.5 Vegagerðin, endurmat samgöngumannvirkja samkvæmt IPSAS 45 16

4.6 Eignalýsingar í FA Eignakerfi ríkisbókar 18

4.7 Innleiðing IPSAS 45 - Varanlegir rekstrarfjármunir 18

4.8 Fasteignir ríkissjóðs 19

4.9 Eignfærður virðisaukaskattur 20

4.10 Leigueignir og leiguskuldir 20

4.11 Erlendir eignarhlutir ríkissjóðs 21

4.12 Lífeyrisskuldbindingar og starfstengd réttindi 22

4.13 Laun og launatengd gjöld 22

4.14 Fjáreignir og fjárskuldir 24

4.15 Óvissar eignir og óvissar skuldir 24

4.16 Framlög til varnarmála og varnartengdra verkefna 24

4.17 Skuldbindingar vegna velferðarþjónustu 25

4.18 Sjúklingatryggingar 25

4.19 Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs 26

4.20 Ríkisaðilar í A1-hluta ríkissjóðs 26

4.21 Ríkisaðilar aðrir en í A1-hluta ríkissjóðs 27

4.21.1 A2-hluta ríkisaðilar 28

4.21.2 Stærstu A3-hluta ríkisaðilar 30

4.21.3 Stærstu B-hluta ríkisaðilar 31

4.21.4 Stærstu C-hluta ríkisaðilar 31

4.21.5 Niðurstöður endurskoðunar á aðilum utan A1-hluta ríkissjóðs 31

5 Fylgni við reikningsskilastaðla 32

1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum til fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur einstakra ríkisaðila þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Innra eftirlit og innri endurskoðun

Skortur á reglugerðum, reglum og leiðbeiningum eykur hættu á sviksemi og sniðgöngu og ber vott um veikleika í fjármálastjórnun hjá ríkinu. Ríkisendurskoðun áréttar enn og aftur mikilvægi þess að innri endurskoðun sé sett á laggirnar í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál. Sjá nánar í kafla 3.

2

Gerð ríkisreiknings - samstæðufærslur

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf Fjársýsla ríkisins að koma á laggirnar samþykktarferli fyrir samstæðufærslur og gera lýsingar í færslutexta nákvæmari með tilvísun í undirgögn. Sökum umfangs samstæðufærslna, bæði hvað varðar fjárhæðir og fjölda færslna, er mikilvægt að færslurnar séu yfirfarnar og samþykktar af yfirmanni áður en bókað er. Sjá nánar í kafla 4.2.

3

Gerð ríkisreiknings – gerð samstæðu

Ríkisendurskoðun bendir á brýna nauðsyn þess að innleitt verði samstæðuuppgjörskerfi fyrir gerð samstæðureiknings ríkissjóðs til að lágmarka villuhættu, auðvelda yfirferð og auka rekjanleika. Sjá nánar í kafla 4.2.

4

Gerð ríkisreiknings - tímalína

Áætlun um gerð ríkisreiknings gerði ráð fyrir að drögum ríkisreiknings yrði skilað til endurskoðunar tímanlega. Svigrúm til endurskoðunar á breyttum skýringum var þrengt verulega þar sem tímalína við gerð ríkisreiknings stóðst ekki. Afar mikilvægt er að endurskoðunarvinnan fái nægan tíma þegar lokadrög ríkisreiknings liggja fyrir. Sjá nánar í kafla 4.2.

5

Vegagerðin - endurmat samgöngumannvirkja

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að við innleiðingu nýrra og umfangsmikilla reikningsskilaaðferða liggi fyrir skýr áætlun um upplýsingagjöf og afhendingu vinnugagna. Tímanleg afhending gagna og reglubundin samskipti stuðla að skilvirkari endurskoðun og skapa betra svigrúm til að yfirfara forsendur, reiknilíkön og niðurstöður áður en reikningsskil eru frágengin.

Þrátt fyrir þær umbætur sem orðið hafa við innleiðingu endurmatsaðferðar samkvæmt IPSAS 45 telur Ríkisendurskoðun mikilvægt að Vegagerðin haldi áfram þróun matsaðferðarinnar og styrki enn frekar forsendur, skjölun og framkvæmd verðmats samgöngumannvirkja.

Sjá nánar í kafla 4.5.

6

Eignalýsingar í FA Eignakerfi ríkisbókar

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að skráningarferlar verði yfirfarnir með það að markmiði að eignalýsingar sem færast í FA Eignakerfi ríkisbókar verði skýrar, samræmdar og nægjanlega lýsandi. Jafnframt er æskilegt að reglulega sé farið yfir gæði eignalýsinga og gripið til úrbóta þegar ófullnægjandi lýsingar koma fram. Sjá nánar í kafla 4.6.

7

Fasteignir ríkissjóðs

Ríkisendurskoðun telur æskilegt að eignir fjárlagaliðarins „Mannvirki ríkissjóðs" séu færðar í sérhæft eignakerfi og umsýsla formfest og sinnt reglulega í ljósi umfangs. Sjá nánar í kafla 4.8.

8

Laun og launatengd gjöld – samþykki launakeyrslna

Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að formlegu samþykki forstöðumanna vegna launakeyrslu hvers mánaðar verði komið á í launakerfi áður en að útborgun fer fram, en slíkt samþykki er ekki skilyrt í launakerfinu í dag. Mælst er til að vinnu sem hafin er við breytingar á ferlinu verði haldið áfram og henni lokið þannig að samþykki liggi fyrir áður en til útborgunar launa kemur. Sjá nánar í kafla 4.13.

9

Laun og launatengd gjöld – afstemmingar og eftirlit

Nauðsynlegt er að Fjársýsla ríkisins haldi áfram að þróa eftirlit með að launakeyrslur færist rétt í fjárhagsbókhald þannig að kerfisvillur og mistök í skráningu uppgötvist tímanlega. Mikilvægt er að heildarafstemming milli fjárhagsbókhalds og launakerfis sé gerð með reglubundnum hætti og að framsetning sé skýr. Í því sambandi þarf jafnframt að huga að afstemmingu á orlofsskuldbindingu milli orlofsskuldbindingarkerfis og fjárhagsbókhalds. Einnig þarf að huga að afstemmingu tegundalykla í fjárhagsbókhaldi sem tengjast ógreiddum launum og launatengdum gjöldum. Sjá nánar í kafla 4.13.

10

Laun og launatengd gjöld – skýringar

Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri ábendingar um að samkvæmt IPSAS stöðlum skuli upplýsa um starfstengdar greiðslur og mögulegar skuldbindingar vegna þeirra, svo sem vegna veikindaréttar, námsleyfa og starfslokauppgjörs í ríkisreikningi og í skýringum um laun og launatengd gjöld. Sjá nánar í kafla 4.13.

11

Óvissar eignir og óvissar skuldir

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að fjármála- og efnahagsráðuneyti hafi ekki heildstætt yfirlit um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir. Sjá nánar í kafla 4.15.

12

Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að upplýsingar í yfirliti um afmarkaða hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi samstæðu eru ekki samanburðarhæfar við yfirlit um afkomu í samstæðureikningi A-hluta. Sjá nánar í kafla 4.19.

13

Ríkisaðilar í A1-hluta ríkissjóðs – skil ársreikninga

Samkvæmt 54. gr. laga um opinber fjármál skal hver ráðherra sjá til þess að ríkisaðilar sem undir hann heyra uppfylli ákvæði laganna um skilafresti ársreikninga. Fjármála- og efnahagsráðuneyti þarf að tryggja að ekki sé misbrestur á skilum og yfirfara hvað hamlar að skilað sé innan lögbundins skiladags. Sjá nánar í kafla 4.20.

14

Ríkisaðilar í A1-hluta ríkissjóðs – áritun forstöðumanna á ársreikninga

Samkvæmt 55. gr. laga um opinber fjármál skal ársreikningur ríkisaðila í A1-hluta ríkissjóðs vera áritaður af viðkomandi forstöðumanni. Fjármála- og efnahagsráðuneyti þarf að tryggja að forstöðumenn A1 ríkisaðila áriti reikningsskil án undantekninga. Sjá nánar í kafla 4.20.

2 Áritun ríkisendurskoðanda og staðfesting stjórnenda

1.1 Áritun

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ríkisendurskoðun telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit á ríkisreikningi.

Áritun ríkisendurskoðanda er án fyrirvara og er ríkisreikningur að áliti Ríkisendurskoðunar án verulegra annmarka.

> Það er álit ríkisendurskoðanda að ríkisreikningur sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu ríkissjóðs 31. desember 2025, afkomu ríkissjóðs og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Endurskoðunarskýrslan kemur ekki í stað áritunar á ríkisreikning en í skýrslunni er nánar vikið að niðurstöðum vegna endurskoðunar einstakra liða og þeim áherslum sem Ríkisendurskoðun hafði í endurskoðuninni.

1.2 Óhæði og hlutverk

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis og er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum. Hæfi ríkisendurskoðanda og starfsmanna Ríkisendurskoðunar fer eftir lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og hafa starfsmenn undirritað sérstaka trúnaðar- og óhæðisyfirlýsingu vegna starfa sinna fyrir embættið.

Ríkisendurskoðun er mikilvægt embætti sem fer með eftirlitshlutverk fyrir hönd löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hlutverk ríkisendurskoðanda samkvæmt 3. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er „...að hafa í umboði Alþingis eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum. Hann skal í störfum sínum hafa eftirlit með tekjum ríkisins og að fjárheimildir og hvers konar verðmæti séu nýtt og þeim ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis."

Fjárhagsendurskoðun ríkisendurskoðanda tekur mið af eftirfarandi skv. 5. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga:

a. að reikningsskilin gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila,

b. að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur,

c. að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Hjá Ríkisendurskoðun er sérstakt verkefni að kanna rekstur og umsvif í samræmi við c-lið og niðurstaða þeirrar vinnu er ekki til umfjöllunar í endurskoðunarskýrslu ríkisreiknings.

1.3 Sviksemi

Ríkisendurskoðun upplýsir stjórnendur ríkisaðila um sviksemisáhættu og kallar eftir skriflegum svörum frá þeim við spurningum um mögulega sviksemi og fylgni við lög og reglur. Endurskoðunin hefur ekki leitt í ljós sviksemi eða grun um sviksemi hjá stjórnendum og starfsmönnum sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna við innra eftirlit og þar sem sviksemi gæti leitt til verulegrar skekkju í ríkisreikningi.

1.4 Staðfestingarbréf stjórnenda

Stjórnendur einstakra ríkisaðila staðfesta í sérstöku staðfestingarbréfi að ýmsar fullyrðingar sem erfitt er að sannreyna með öðrum hætti séu samkvæmt þeirra bestu vitund og þekkingu. Fjármála- og efnahagsráðherra og fjársýslustjóri staðfesta með áritun sinni á ríkisreikninginn að hann sýni glögga mynd af rekstri samstæðu A-, B- og C-hluta ríkissjóðs á árinu 2025 og stöðu í lok árs í samræmi við lög um opinber fjármál.

1.5 Ábyrgð Ríkisendurskoðunar

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ríkisreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ríkisreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI) muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ríkisreikningsins, stakar eða samanlagðar.

3 Áhættumat og mikilvægi

Áhættumat

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í ríkisreikningi. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi ríkissjóðs eins og kostur er.

Stjórnendur geta verið í aðstöðu til að eiga við fjárhagsfærslur og fara fram hjá eftirliti með ráðstöfun eigna og geta sett fram röng reikningsskil með því að sniðganga eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig haft áhrif á ríkisreikninginn. Stjórnendur eiga möguleika á að sniðganga eftirlitsaðgerðir bæði m.t.t. ráðstöfunar eigna og færslna í fjárhagsbókhaldi.

Umfjöllun um áhættu og endurskoðun á einstaka liðum hér á eftir á einkum við um A1-hluta ríkisreiknings nema annað sé tekið fram sérstaklega. Flestir ríkisaðilar utan A1-hluta eru endurskoðaðir sérstaklega og eru ársreikningar þeirra áritaðir endurskoðunaráritun. A1-hlutinn er endurskoðaður í heild en aðilar innan hans, sem Ríkisendurskoðun metur að fylgi meiri áhætta en almennt á við um A1-hluta starfsemi ríkisins, fá sérstaka skoðun. Ríkisendurskoðun áritar ekki reikningsskil einstakra ríkisaðila í A1-hluta.

Við endurskoðun á ríkisreikningi árið 2025 flokkaði Ríkisendurskoðun áhættur í A1-hluta eftir meginflokkum og beindi endurskoðunaraðgerðum einkum að þeim:



Áherslur í endurskoðun ríkisreiknings samstæðu og A-hluta voru gerð samstæðureiknings, yfirferð á samstæðufærslum og skoðun á innbyrðis færslum. Niðurstöður endurskoðunar ársreikninga einstakra aðila utan A1-hluta koma fram í kafla 4.21.

Hvað framangreinda flokkar varðar er hætta á sniðgöngu stjórnenda á eftirliti mismunandi og fyrirkomulag eftirlits með ólíkum hætti. Í grundvallaratriðum byggir styrkleiki eftirlits á nákvæmri skráningu ferla og lýsingu á eftirlitsþáttum og verklagi, viðeigandi aðgreiningu á störfum tengdum einstaka aðgerðum og skráningu og skjalfestingu upplýsinga. Auk þess er mikilvægt að hafa skýrar reglur um meðferð einstakra viðskipta og bókhaldsfærslur til að lágmarka óvissu í bókhaldsskráningu, gæta samræmis hjá öllum ríkisaðilum og bæta möguleika til eftirlits með þeim.

Mikilvægismörk

Áherslan í endurskoðun beindist að framangreindum flokkum og stuðst var við mikilvægismörk sem sett voru fyrir fram til afmörkunar á umfangi endurskoðunarinnar.

Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 1% af eignum ríkisaðila, 37 milljarðar króna fyrir A-hluta og 60 milljarðar króna fyrir samstæðu A-, B- og C-hluta ríkissjóðs. Fyrir einstaka ríkisaðila var stuðst við lægri mikilvægismörk. Mikilvægismörk eru sú fjárhæð skekkna sem talið er að hafi ekki áhrif á upplýstan lesanda reikningsskila.

> Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirrar endurskoðunarvinnu sem framkvæmd er.

Allar skekkjur yfir 3% af mikilvægismörkum sem finnast við endurskoðun hjá ríkisaðilum eru tilkynntar með formlegum hætti til stjórnenda. Minni skekkjur sem finnast og máli skipta er komið á framfæri við stjórnendur einstakra aðila.

Möguleg sniðganga stjórnenda á eftirliti

Nauðsynlegt er að vinna betur að skráningu mikilvægra ferla og skilgreina og skjala mikilvæga eftirlitsþætti. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur ekki mælt nægjanlega fyrir um framkvæmd laga um opinber fjármál með setningu reglugerða eins og ákvæði eru um í 67. grein laganna þar sem einungis er búið að setja fjórar af þeim fjórtán reglugerðum sem lögin tilgreina. Á árinu 2018 var sett reglugerð um styrkveitingar ráðherra en sú reglugerð var ekki tilgreind sérstaklega í 67. grein laga um opinber fjármál. Á árinu 2024 var jafnframt sett reglugerð um bifreiðamál ríkisins en sú reglugerð var heldur ekki tilgreind sérstaklega í 67. grein laga um opinber fjármál. Á árinu 2025 var staðan óbreytt hvað varðar setningu reglugerða í samræmi við lög um opinber fjármál en samkvæmt fjármála- og efnahagsráðuneyti er fyrirhugað að gefa út reglugerð um almennan varasjóð á árinu 2026 og setja drög að reglugerð um innri endurskoðun inn í samráðsgátt stjórnvalda á árinu 2026.

Yfirlit um reglugerðir sem setja skal samkvæmt lögum um opinber fjármál:

- Reglugerð um framsetningu og sundurliðun fjármálaáætlunar
- Reglugerð um mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa og reglugerða
- Reglugerð um gerð og skipan efnisþátta í stefnumótun málefnasviða og málaflokk
- Reglugerð um gerð og skil tillagna um fjárveitingar, þ.m.t. framsetning og tímafrestir
- Reglugerð um bókhald og launaafgreiðslu ríkisaðila
- Reglugerð um innri endurskoðun
- Reglugerð um ráðstöfun fjár úr almennum varasjóði A-hluta
- Reglugerð um samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga
- Reglugerð um skilgreiningu málefnasviða og málaflokka

Yfirlit um reglugerðir sem eru í gildi:

- Reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra
- Reglugerð nr. 643/2018 um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni
- Reglugerð nr. 218/2020 um skyldur og ábyrgð forstöðumanna ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs við framkvæmd fjárlaga
- Reglugerð nr. 566/2021 um flutning fjárheimilda A-hluta á milli ára
- Reglugerð nr. 822/2021 um sjóðstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs
- Reglugerð nr. 892/2024 um ráðstöfun og öflun eigna ríkisins
- Reglugerð nr. 1160/2024 um bifreiðamál ríkisins

Fjársýsla ríkisins hefur að takmörkuðu leyti sett framkvæmda- og verklagsreglur og leiðbeiningar til ríkisaðila, eins og ákvæði eru um í 2. mgr. 64. grein laganna. Nánar er fjallað um veikleika sem af þessu leiðir í köflum um einstaka liði og einnig er vísað til stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar sem beint er að starfsemi og starfsháttum Fjársýslu ríkisins. Skýrslan um starfshætti, skipulag og árangur Fjársýslu ríkisins kom út í ágúst 2024 og hana má finna á heimasíðu embættisins, rikisendurskodun.is, undir útgefnu efni. Heiti skýrslunnar er „Fjársýsla ríkisins – starfshættir, skipulag og árangur".

> Skortur á reglugerðum, reglum og leiðbeiningum eykur hættu á sviksemi og sniðgöngu og ber vott um veikleika í fjármálastjórnun hjá ríkinu. Ríkisendurskoðun áréttar enn og aftur mikilvægi þess að innri endurskoðun sé sett á laggirnar í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.

4 Endurskoðun ársins

4.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Farið var yfir niðurstöður endurskoðunarinnar með fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýslu ríkisins. Það er álit ríkisendurskoðanda að ríkisreikningur sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu ríkissjóðs 31. desember 2025, afkomu ríkissjóðs og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál. Áritun ríkisendurskoðanda er án fyrirvara.

4.2 Gerð ríkisreiknings

Ríkisreikningur 2025 er samstæðureikningur fyrir ríkið í heild. Hann innifelur A1-, A2-, A3-, B- og C-hluta ríkisaðila. Félög eða ríkisaðilar þar sem ríkið á 50% eignarhlut eða meira eru hluti af samstæðureikningi ríkissjóðs. Félög eða ríkisaðilar þar sem ríkið á 20-50% eru tekin inn sem hlutdeildarfélög í ríkisreikning.

Umbætur hafa orðið í ferlinu um gerð samstæðureiknings ríkissjóðs hjá Fjársýslu ríkisins. Þar fer fram mikil og góð vinna við að afla gagna vegna samstæðureiknings frá félögum í samstæðunni og við að stilla upp samstæðureikningi ríkissjóðs. Engu að síður var við endurskoðun ríkisreiknings erfitt og tímafrekt að rekja samstæðufærslur og afla gagna þeim til stuðnings.

Hluti af innra eftirliti er að færslur séu samþykktar af öðrum starfsmanni en þeim sem vinnur þær fyrir bókun. Uppgjörsfærslur sem gerðar eru í samstæðuferlinu eru ekki með sýnilega yfirferð eða samþykki annars starfsmanns eða yfirmanns.

> Sökum umfangs samstæðufærslna, bæði hvað varðar fjárhæðir og fjölda færslna, er það mat Ríkisendurskoðunar að bæta þurfi innra eftirlit með uppgjörsfærslum. Mikilvægt er að færslurnar séu yfirfarnar og samþykktar af yfirmanni áður en bókað er.

Í úrtaki samstæðufærslna sem skoðað var í endurskoðun ársins var nokkuð um færslur með óljósum eða villandi lýsingum. Ekki var alltaf skýrt hvaða gögn lágu að baki einstaka færslum sem gerði alla yfirferð flóknari og tímafrekari. Í úrtakinu komu ekki upp neinar færslur sem virðast verulega rangar eða sem voru þess eðlis að skekkja niðurstöðu ríkisreiknings miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu. Þó komu upp tilvik þar sem undirgögn höfðu glatast eða voru ekki til staðar og þurfti að finna til aftur.

> Að mati Ríkisendurskoðunar þarf Fjársýsla ríkisins að koma á laggirnar samþykktarferli fyrir samstæðufærslur og gera lýsingar í færslutexta nákvæmari með tilvísun í undirgögn.

Við gerð samstæðu ríkisreiknings er mikilvægt að halda vel utan um einstaka samstæðufærslur, leiðréttingar, breytingar vegna flokkunar liða og áhrif á eigið fé. Umbætur hafa orðið á vinnslu eiginfjáryfirlits en tímafrekt reyndist að afla gagna í endurskoðun vegna þeirra breytinga á eigin fé sem urðu á árinu.

> Ríkisendurskoðun mælist til að áfram verði unnið að umbótum á vinnslu eiginfjáryfirlits og færslur innan eigin fjár verði rekjanlegar á réttar tegundir í fjárhagsbókhaldi.

Við endurskoðun á sjóðstreymi A-hluta og sjóðstreymi í ríkisreikningi A-, B- og C-hluta var erfiðleikum bundið að rekja einstaka rekstrarhreyfingar í sjóðstreymi í breytingar á tengdum liðum í ríkisreikningi.

Vegna flækjustigs við gerð samstæðu, flókins vinnulags við gerð sjóðstreymis og fjölda samstæðufærslna, ásamt vöntun á samþykki þeirra, telur Ríkisendurskoðun að vinna þurfi samstæðugerð í þar til gerðu uppgjörskerfi öðru en reiknilíkani.

> Ríkisendurskoðun bendir á brýna nauðsyn þess að innleitt verði samstæðuuppgjörskerfi fyrir gerð samstæðureiknings ríkissjóðs til að lágmarka villuhættu, auðvelda yfirferð og auka rekjanleika.

Áður hefur Ríkisendurskoðun bent á að fylgni við IPSAS reikningsskilastaðla hafi verið ófullnægjandi. Ítarlegar ábendingar voru settar fram í endurskoðunarskýrslu vegna ríkisreiknings 2022 og almennar ábendingar í endurskoðunarskýrslu vegna ríkisreiknings 2023 og 2024. Við gerð ársreikninga og reikningsskilagerð eru almennt hafðir til hliðsjónar gátlistar reikningsskilareglna til að tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf. Fjársýsla ríkisins hefur stuðst við slíka gátlista vegna IPSAS staðla að einhverju leyti við gerð ríkisreiknings 2025. Mikilvægt er að gátlistar séu unnir fyrir alla IPSAS staðla til að tryggja að upplýsingagjöf í ríkisreikningi sé í samræmi við kröfur staðlanna. Innan samstæðu ríkissjóðs eru margir reikningshaldslega flóknir og eðlisólíkir liðir og telur Ríkisendurskoðun það afar gagnlegt að fylgni við IPSAS sé rýnd með skipulögðum hætti.

> Ríkisendurskoðun leggur til að fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýsla ríkisins styðjist við gátlista um upplýsingagjöf í ríkisreikningi fyrir alla IPSAS staðla.

Endurskoðunarvinnan felur meðal annars í sér að kanna hvort afstemmingar séu gerðar milli fjárhagskerfis og undirkerfa, svo sem viðskiptamannakerfis, launakerfis, innheimtukerfis, eignakerfis og fyrningarskýrslna. Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að gerðar séu afstemmingar milli allra undirkerfa og fjárhagsbókhalds í uppgjörsferlinu, hvort sem þær eru gerðar hjá einstaka stofnunum eða miðlægt hjá Fjársýslu ríkisins.

Gerð samstæðureiknings ríkissjóðs kallar á aga, skipulag og góð samskipti milli Fjársýslu ríkisins og aðila í samstæðu ríkissjóðs.

Ákvæði eru um skilafresti A1, A2, A3, B og C aðila í lögum um opinber fjármál. Annars vegar þurfa aðilar í A1- og A2-hluta að skila ársreikningum fyrir 28. febrúar hvers árs og hins vegar þurfa A3-, B- og C-hluta aðilar að skila ársreikningum fyrir 31. mars. Hingað til hafa þó nokkrir aðilar ekki náð að standast skilafresti og hafa orðið tafir á uppgjörs- og endurskoðunarvinnu í kjölfarið.

Gerð skýringa og gagnasöfnun fyrir skýringar er mikilvægur hluti reikningsskilaferlis við gerð samstæðureiknings. Fjársýsla ríkisins stillir upp ársreikningum og vinnur skýringarnar út frá gögnum frá aðilum og fjárhagsbókhaldi. Fjármála- og efnahagsráðuneyti er eigandi ársreikninganna og hefur mikilvæga aðkomu að gerð skýringa um t.d. lögfræðileg málefni, atburði eftir lok reikningsskilaárs, innleiðingu reikningsskilastaða, óvanalega atburði, áhættur og áhættumat. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á vægi skýringa í endurskoðunarvinnunni og að rúmur tími sé til staðar til að endurskoða skýringar í samræmi við endurskoðunarstaðla. Í 56. grein laga um opinber fjármál kemur fram að fjármála- og efnahagsráðherra skuli birta ríkisreikning sem nær yfir fjárreiður A-, B- og C-hluta ríkisins innan sex mánaða frá árslokum. Gera verður ráð fyrir að um sé að ræða endurskoðaðan ríkisreikning og því verður áætlun um gerð ríkisreiknings að taka mið af umfangi endurskoðunarvinnunnar.

> Áætlun um gerð ríkisreiknings gerði ráð fyrir að drögum ríkisreiknings yrði skilað til endurskoðunar tímanlega. Svigrúm til endurskoðunar á breyttum skýringum var þrengt verulega þar sem tímalína við gerð ríkisreiknings stóðst ekki. Afar mikilvægt er að endurskoðunarvinnan fái nægan tíma þegar lokadrög ríkisreiknings liggja fyrir.

Ríkisendurskoðun telur að mikilvæg og jákvæð skref hafi verið tekin í umgjörð gerðar samstæðureiknings fyrir árið 2025. Fjársýsla ríkisins hefur beitt auknum aga gagnvart skilum einstakra aðila á reikningsskilum og stóð við lokanir á fjárhagsbókhaldi í samræmi við útgefnar dagsetningar. Í einstaka tilvikum var fjárhagsbókhaldið opnað fyrir mikilvægar færslur í samræmi við reglur Fjársýslu ríkisins.

4.3 Flokkun ríkisaðila og reikningsskilareglur

Flokkun ríkisaðila A-hluta í A1, A2 og A3 er umfram það sem ákvæði IPSAS kveða á um. Samkvæmt IPSAS er einungis reynt að draga fram þá starfsemi sem fellur undir A-hluta eða „hið opinbera". Með þessari sérislensku flokkun eykst flækjustig við gerð ríkisreiknings þar sem hluti A-hluta starfsemi ríkisins fellur undir annað regluverk en þá meginreglu sem alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir (IPSAS) grundvallast á. Með þessu verða umsvif ríkisins í „hinu opinbera" (e. General Government Sector) óskýr.

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skulu ársreikningar ríkisaðila í A3-hluta uppfylla kröfur laga um ársreikninga nr. 3/2006. Starfsemi A3-hluta ríkisaðila er rekin í formi hlutafélaga en um reikningsskil hlutafélaga gilda lög um ársreikninga. Starfsemi og verkefni þessara aðila falla undir starfsemi hins opinbera samkvæmt skilgreiningu alþjóðlegra hagskýrslustaðla, þó form og reikningsskilareglur byggi á sömu lagaheimildum og um hagnaðardrifna starfsemi sé að ræða.

Við gerð ríkisreiknings þarf að aðlaga ársreikninga þessara ríkisaðila að þeim reikningsskilareglum sem gilda um ríkisreikninginn, þ.e. IPSAS, sem hefur í för með sér vinnu og villuhættu sem hægt væri að komast hjá ef allir ríkisaðilar í A-hluta féllu undir sömu reikningsskilareglur.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á lögum um ársreikninga og lögum um opinber fjármál þannig að ársreikningar allra aðila sem flokkast sem hluti af hinu opinbera (A-hluti) séu gerðir á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

4.4 Leiðréttir og óleiðréttir mismunir

Engir verulegir leiðréttir eða óleiðréttir mismunir komu fram við endurskoðun. Þær breytingar á upphafsstöðu sem færðar eru yfir eigið fé á árinu 2025 eru nánar skýrðar í köflum 4.5, 4.7, 4.9 og 4.12.

4.5 Vegagerðin, endurmat samgöngumannvirkja samkvæmt IPSAS 45

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar vegna ríkisreiknings 2024 voru gerðar verulegar athugasemdir við skráningu og verðmat samgöngumannvirkja Vegagerðarinnar. Þar kom meðal annars fram að ekki lægi fyrir fullnægjandi rekjanleiki bókfærðs virðis vega til einstakra vega og veghluta, að afskriftir væru reiknaðar út frá slitlagabanka sem ekki var notaður til að halda utan um bókfært virði eignanna, og að verulegt misræmi væri á milli stofnverðs samkvæmt ársreikningi og stofnverðs samkvæmt slitlagabanka. Jafnframt var gerð athugasemd við að Vegagerðin eignfærði óbeinan kostnað, svo sem almennan skrifstofukostnað, sem ekki uppfyllti skilyrði þágildandi IPSAS 17.

IPSAS 45 um varanlega rekstrarfjármuni tók gildi við gerð ríkisreiknings 2025 og leysti IPSAS 17 af hólmi. Staðallinn felur meðal annars í sér auknar leiðbeiningar um mat og upplýsingagjöf vegna innviðaeigna og heimilar beitingu endurmatsaðferðar við mat rekstrarfjármuna.

Með hliðsjón af innleiðingu IPSAS 45 ákvað Vegagerðin, í samráði við Fjársýslu ríkisins, að taka upp endurmatsaðferð og meta vegi, brýr og jarðgöng út frá þjónustuvirði (e. Current Operational Value) frá og með 1. janúar 2025. Markmið breytingarinnar var að innleiða kröfur IPSAS 45 og jafnframt bæta grundvöll skráningar, verðmats og afskrifta samgöngumannvirkja með heildstæðari, gagnsærri og rekjanlegri aðferðafræði.

Við endurskoðun ríkisreiknings 2025 er það mat Ríkisendurskoðunar að innleiðing endurmatsaðferðar samkvæmt IPSAS 45 hafi leitt til verulegra umbóta á skráningu, verðmati og afskriftum samgöngumannvirkja Vegagerðarinnar. Rekjanleiki bókfærðs virðis vega hefur verið bættur og samræmi er nú milli verðmats og afskrifta. Notkunartími einstakra eignaflokka var endurmetinn og reiknað álag og álagning voru var felld út úr kostnaði sem var eignfærður.

Með innleiðingu endurmatsaðferðar samkvæmt IPSAS 45 hefur rekjanleiki bókfærðs virðis verið aukinn, samræmi skapast milli verðmats og afskrifta og forsendur reikningsskilanna verið styrktar. Jafnframt hefur Vegagerðin brugðist við fyrri athugasemdum Ríkisendurskoðunar með breytingum á framkvæmd eignfærslu kostnaðar og bættri skjölun á þeim þætti.

Tímarammi við endurskoðun innleiðingar IPSAS 45 hjá Vegagerðinni var þröngur og meginhluti endurskoðunarvinnunnar fór fram á tiltölulega skömmum tíma áður en gengið var frá ríkisreikningi 2025. Samskipti við Vegagerðina hófust í lok árs 2025 en efnisleg gögn vegna endurmatsins bárust þó að mestu leyti ekki fyrir en á síðari stigum endurskoðunar.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að við innleiðingu nýrra og umfangsmikilla reikningsskilaaðferða liggi fyrir skýr áætlun um upplýsingagjöf og afhendingu vinnugagna. Tímanleg afhending gagna og reglubundin samskipti stuðla að skilvirkari endurskoðun og skapa betra svigrúm til að yfirfara forsendur, reiknilíkön og niðurstöður áður en reikningsskil eru frágengin.

Ríkisendurskoðun fól ráðgjafarsviði KPMG að yfirfara aðferðafræði, forsendur og reikniverk sem lágu til grundvallar endurmati samgöngumannvirkja Vegagerðarinnar. Yfirferðin náði til vega, brúa og jarðganga og fól meðal annars í sér rýni á kostnaðarforsendum, afskriftarforsendum, undirliggjandi reikniverkum og niðurstöðum matsins.

Í minnisblaði KPMG, dagsettu 29. júní 2026, kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir við niðurstöðu matsins. KPMG bendir þó á að verðmatslíkön Vegagerðarinnar séu flókin og að hluta til brothætt og að verulegur hluti kostnaðarforsendna byggi á eldri kostnaðargrunnum sem hafi verið framreiknaðir með verðvísitölum. KPMG telur mikilvægt að áfram verði unnið að einföldun reiknilíkana og reglubundinni endurskoðun kostnaðarforsendna til að styrkja gagnsæi, rekjanleika og áreiðanleika matsins til framtíðar. Ríkisendurskoðun er sammála mati KPMG.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að Vegagerðin endurskoði kostnaðargrunninn reglulega á grundvelli nýrra framkvæmdargagna og skjalfesti með skýrum hætti þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar verðmatinu.

Ríkisendurskoðun tekur undir ábendingar KPMG um að verðmatslíkön Vegagerðarinnar séu flókin og að hluta til brothætt. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að áfram verði unnið að einföldun reiknilíkana og bættri skjölun með það að markmiði að auka gagnsæi og rekjanleika, draga úr villuhættu og auðvelda bæði viðhald líkananna og endurskoðun þeirra.

Þrátt fyrir þær umbætur sem orðið hafa við innleiðingu endurmatsaðferðar samkvæmt IPSAS 45 telur Ríkisendurskoðun mikilvægt að Vegagerðin haldi áfram þróun matsaðferðarinnar og styrki enn frekar forsendur, skjölun og framkvæmd verðmats samgöngumannvirkja.

Við endurskoðun ársreiknings 2025 gerði Ríkisendurskoðun athugasemdir við tiltekna þætti er varða upplýsingagjöf og forsendur endurmatsins. Vegagerðin brást við þeim athugasemdum og lagði fram tillögur að breytingum á upplýsingagjöfinni sem Fjársýsla ríkisins aðlagaði við gerð endanlegs ríkisreiknings. Að teknu tilliti til þeirra breytinga, sem og þeirrar endurskoðunar sem Ríkisendurskoðun framkvæmdi, ásamt óháðri yfirferð KPMG á forsendum og aðferðafræði matsins, komu ekki fram atriði sem gáfu tilefni til frekari athugasemda af hálfu Ríkisendurskoðunar.

4.6 Eignalýsingar í FA Eignakerfi ríkisbókar

Fyrir liggja leiðbeiningar frá Fjársýslu ríkisins um hvernig skrá skuli eignir og hvernig leiðrétta megi ófullnægjandi eignalýsingar í FA Eignakerfi ríkisbókar. Niðurstöður skoðunar á eignaskráningu benda hins vegar til þess að þessar leiðbeiningar hafi ekki nægt til að tryggja samræmda skráningu eigna eða koma í veg fyrir ófullnægjandi lýsingar í eignaskrá ríkisins.

Forstöðumenn ríkisaðila bera ábyrgð á fjárreiðum og reikningsskilum viðkomandi ríkisaðila og skulu sjá til þess að innra eftirlit sé virkt og í samræmi við lög og reglur. Ábyrgðin tekur meðal annars til þeirra upplýsinga sem liggja til grundvallar eignaskráningu og reikningsskilum ríkisaðilans. Umfang vandans, dreifing hans milli eignaflokka og fjárlagaliða og sú staðreynd að hann heldur áfram að myndast í nýjum eignum benda til þess að hvorki frumskráning upplýsinga hjá ríkisaðilum né eftirfylgni með gæðum þeirra hafi verið nægjanleg.

> Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að skráningarferlar verði yfirfarnir með það að markmiði að eignalýsingar sem færast í FA Eignakerfi ríkisbókar verði skýrar, samræmdar og nægjanlega lýsandi. Jafnframt er æskilegt að reglulega sé farið yfir gæði eignalýsinga og gripið til úrbóta þegar ófullnægjandi lýsingar koma fram.

4.7 Innleiðing IPSAS 45 - Varanlegir rekstrarfjármunir

Við endurskoðun ríkisreiknings 2025 fór Ríkisendurskoðun yfir innleiðingu IPSAS 45 um varanlega rekstrarfjármuni, sem tók gildi við gerð reikningsskilanna og leysti af hólmi IPSAS 17. Yfirferð Ríkisendurskoðunar beindist að því hvort innleiðing staðalsins hefði verið framkvæmd með fullnægjandi hætti og hvort reikningsskil og upplýsingagjöf í ríkisreikningi væru í meginatriðum í samræmi við kröfur IPSAS 45. Við yfirferðina var einkum lögð áhersla á breytingar á skýringum með ríkisreikningi og þá vinnu sem staðið hefur yfir við greiningu eignaflokka sem nýjar kröfur staðalsins ná til.

Yfirferðin leiddi í ljós að Fjársýsla ríkisins hefur unnið markvisst að innleiðingu IPSAS 45 og að helstu breytingar sem fylgja innleiðingu staðalsins hafa verið innleiddar í ríkisreikningi 2025. Jafnframt kom fram að vinna við greiningu og mat tiltekinna eignaflokka er enn í gangi og verður fylgt eftir við áframhaldandi þróun reikningsskila ríkisins.

Í endurskoðuninni kom fram að Fjársýsla ríkisins hefur hafið markvissa greiningu á menningar- og sögulegum eignum ríkisins. Unnið hefur verið að því að skilgreina umfang eignaflokksins, afla upplýsinga frá viðkomandi ríkisaðilum og leggja mat á hvort og með hvaða hætti eignirnar uppfylli skilyrði eignfærslu samkvæmt IPSAS 45.

Greining eignaflokksins er þó enn í vinnslu og liggur því ekki fyrir endanlegt mat á því hvort og að hvaða marki einstakar eignir verði færðar í reikningsskil ríkisins. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að þeirri vinnu verði lokið og að niðurstöður hennar verði lagðar til grundvallar samræmdri reikningshaldslegri meðferð eignaflokksins. Jafnframt telur Ríkisendurskoðun mikilvægt að upplýsingagjöf í ríkisreikningi haldi áfram að endurspegla framvindu verkefnisins þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir.

Yfirferð Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að Fjársýsla ríkisins hefur, í samstarfi við innviðaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti, unnið að greiningu flugvallamannvirkja í eigu ríkisins. Í þeirri vinnu hefur meðal annars verið lögð áhersla á að afmarka þær eignir sem eru í umsjón Isavia ohf. eða dótturfélaga þess og greina hvaða áhrif eignarhald, umráðaréttur og samningsbundin réttindi kunna að hafa á reikningshaldslega meðferð þeirra samkvæmt IPSAS 45. Jafnframt hefur verið unnið að því að kortleggja eignaflokkinn og afla þeirra undirliggjandi gagna sem nauðsynleg eru til að taka afstöðu til reikningshaldslegrar meðferðar eignanna.

Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að áður en endanleg ákvörðun verður tekin um reikningshaldslega meðferð flugvallamannvirkja liggi fyrir fullnægjandi greining á eignarhaldi, umráðarétti og þeim samningum sem kunna að hafa áhrif á skráningu og framsetningu eignanna samkvæmt IPSAS 45. Á þessum tímapunkti liggur ekki fyrir hvort og að hvaða marki flugvallamannvirki verði færð til eignar í reikningsskilum ríkisins eða hvaða áhrif það kunni að hafa á efnahagsreikning og upplýsingagjöf í ríkisreikningi.

Ríkisendurskoðun telur að innleiðing IPSAS 45 við gerð ríkisreiknings 2025 hafi almennt tekist vel og að reikningsskil ríkissjóðs endurspegli í meginatriðum þær breytingar sem leiða af innleiðingu staðalsins. Fjársýsla ríkisins hefur uppfært reikningsskilaaðferðir og upplýsingagjöf í samræmi við kröfur IPSAS 45 og jafnframt hafið markvissa greiningu þeirra eignaflokka sem staðallinn hefur mest áhrif á. Ríkisendurskoðun mun fylgjast með framvindu þessara verkefna við endurskoðun komandi ríkisreikninga.

4.8 Fasteignir ríkissjóðs

Í endurskoðun var farið yfir umsýslu eigna á fjárlagaliðnum *99-200 Fasteignir ríkissjóðs*, sem heldur utan um innlendar og erlendar fasteignir ríkissjóðs ásamt jörðum og jarðgöngum. Eignaskrá fjárlagaliðarins er í töflureikni sem gegnir lykilhlutverki við skráningu, afstemmingar og eftirfylgni með eignunum.

Endurskoðunin sýndi að unnið hefur verið að umfangsmikilli yfirferð og hreinsun eignaskrárinnar á síðustu árum. Jafnframt kom fram að umsýsla eignaskrárinnar byggir enn að verulegu leyti á handvirkum verkferlum og upplýsingamiðlun milli Fjársýslu ríkisins, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Ríkiseigna. Rekjanleiki eignatilfærslna og annarra breytinga byggir í mörgum tilvikum á undirliggjandi gögnum og samskiptum utan eignaskrárinnar.

Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingu sína frá fyrra ári um mikilvægi þess að umsýsla eignaskrár fjárlagaliðarins sé formfest og sinnt reglulega. Jafnframt telur Ríkisendurskoðun að í ljósi umfangs og eðlis eignasafnsins sé rétt að meta hvort sérhæft eignakerfi sé betur til þess fallið að halda utan um eignaskrána en núverandi töflureiknir. Slík breyting gæti styrkt innra eftirlit, aukið rekjanleika breytinga og dregið úr áhættu sem fylgir handvirkri umsýslu.

> Ríkisendurskoðun telur æskilegt að eignir fjárlagaliðarins „Mannvirki ríkissjóðs" séu færðar í sérhæft eignakerfi og umsýsla formfest og sinnt reglulega í ljósi umfangs.

4.9 Eignfærður virðisaukaskattur

Í endurskoðunarskýrslu 2024 var gerð athugasemd við eignfærðan virðisaukaskatt vegna fjárfestinga sem ekki var færður út við gerð samstæðureiknings ríkissjóðs. Á árinu 2025 unnu Fjársýsla ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneyti að því að fanga umfang eignfærða virðisaukaskattsins. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að gerð var breyting á upphafsstöðu 1. janúar 2025 þar sem óendurkræfur eignfærður virðisaukaskattur samtals að fjárhæð 194 milljarðar króna var færður til lækkunar á eigin fé og til lækkunar á bókfærðu virði varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Samkvæmt minnisblaði Fjársýslu ríkisins um innbyrðis virðisaukaskatt í A1-hluta vegna ríkisreiknings 2025 kemur fram að ákveða þurfi hvaða leið sé valin til að fanga og færa innbyrðis virðisaukaskatt, en til þess þurfi að tryggja að allar stofnanir bóki virðisaukaskatt sérstaklega og með samræmdum hætti. Í minnisblaðinu er umfjöllun um hvaða leiðir eru í boði. Ríkisendurskoðun hvetur fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýslu ríkisins til að fylgja minnisblaðinu eftir og velja leið sem hentar til framtíðar.

4.10 Leigueignir og leiguskuldir

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar vegna ríkisreiknings 2024 var bent á að við innleiðingu IPSAS 43 um leigusamninga hefðu ábyrgðaraðilar vanmetið umfang og flækjustig verkefnisins og að vanda þyrfti undirbúning við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla. Við innleiðingu staðalsins kom síðar í ljós að umfang þeirra samninga sem féllu undir IPSAS 43 hafi verið annað en gert hefði verið ráð fyrir í upphafi þar sem að undirliggjandi samningsgögn voru ekki nægjanlega heildstæð til að tryggja fullnægjandi afmörkun samninga við innleiðinguna 2024.

Yfirferð á nýjum samningagrunni og gögnum úr samningakerfi Fjársýslu ríkisins leiddi í ljós að 34 samningar höfðu verið teknir með í útreikninga þrátt fyrir að uppfylla ekki skilyrði IPSAS 43 og að 23 samningar sem uppfylltu skilyrði staðalsins höfðu ekki verið teknir með við upphaflega innleiðingu.

Samningar sem felldir voru út úr útreikningum báru leiguskuldbindingu að fjárhæð 5,8 milljarða króna á meðan skuldbinding vegna samninga sem bætt var við nam 1,1 milljarði króna. Leiðréttingin hafði því í för með sér lækkun leiguskuldbindinga í opnunarstöðu um 4,7 milljarða króna miðað við áður birtar fjárhæðir.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins má rekja frávikin til ófullnægjandi samningsgagna frá stofnunum, ónákvæmrar afmörkunar þeirra samninga sem féllu undir staðalinn og takmarkaðs aðgangs að samningsupplýsingum við upphaflega innleiðingu. Ákveðið var að leiðrétta ekki samanburðarfjárhæðir ársins 2024 heldur færa áhrif breytinganna á árinu 2025. Að mati Fjársýslu ríkisins eru áhrif breytinganna á rekstrarniðurstöðu og eigið fé óveruleg.

Ríkisendurskoðun telur að niðurstöðurnar staðfesti fyrri athugasemdir um að umfang og flækjustig innleiðingar IPSAS 43 hafi verið vanmetið. Jafnframt benda þær til þess að afmörkun verkefnisins, yfirferð samningagagna og fagleg rýni á þeim forsendum sem lágu til grundvallar innleiðingunni hafi ekki verið fullnægjandi.

Enn fremur telur Ríkisendurskoðun mikilvægt að halda til haga þeim umbótum sem orðið hafa á árinu 2025. Fjársýsla ríkisins tók við umsjón samningsgrunnsins eftir innleiðingu staðalsins og hefur síðan byggt upp rafrænt samningakerfi og markvissara verklag við skráningu og yfirferð samningsgagna. Sú vinna hefur styrkt rekjanleika, yfirsýn og áreiðanleika samningsupplýsinga og var lykilforsenda þess að framangreind frávik komu í ljós.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að sá lærdómur sem fengist hefur af innleiðingu IPSAS 43 verði nýttur við áframhaldandi þróun samningakerfisins, verklags og innra eftirlits. Með því verði stuðlað að auknum áreiðanleika gagna, bættri fylgni við reikningsskilastaðla og sterkari umgjörð um reikningsskil ríkisins á komandi árum.

4.11 Erlendir eignarhlutir ríkissjóðs

Við endurskoðun á erlendum eignarhlutum ríkissjóðs undir fjárlagalið 99-100 kom í ljós að við mat á eignunum hafði að meginstefnu verið stuðst við kostnaðarverð, uppfært með gengisbreytingum, sem staðgengil (e. proxy) fyrir gangvirði. Sú nálgun felur í sér varfærið mat, en tekur ekki í öllum tilvikum mið af öllum fyrirliggjandi upplýsingum um undirliggjandi virði eignanna samkvæmt þróaðri gangvirðismatsaðferð.

Á árinu 2025 voru gerðar verulegar úrbætur á framkvæmd gangvirðismatsins, meðal annars með skipulagðari vinnuskjölum, bættri skjalfestingu forsendna, auknum rekjanleika gagna og skýrari ábyrgðarskiptingu. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur með þessum úrbótum verið komið á viðunandi verklagi við mat á gangvirði eignanna.

Við yfirferð á eignarhlutunum var jafnframt endurmetin aðferðafræði við gangvirðismat þeirra. Á fyrri árum hafði matið að meginstefnu byggt á kostnaðarverði að viðbættum gengisáhrifum, en við endurskoðun var talið að í flestum tilvikum væri eðlilegra að byggja matið á hlutdeild í eigin fé þeirra. Sú breyting leiddi til hækkunar á bókfærðu virði eignarhlutanna á árinu 2025.

Ríkissjóður á eignarhluti í 13 alþjóðlegum sjóðum og þróunarbönkum. Bókfærð staða eignarhlutanna nam 16,9 milljörðum króna í árslok 2024 en bókfært virði þeirra nam 28,7 milljörðum króna í árslok 2025.

Gangvirðismatið byggir að meginstefnu á hlutdeild Íslands í eigin fé viðkomandi eignarhluta samkvæmt birtum ársreikningum þeirra og miðgengi Seðlabanka Íslands í árslok. Við matið er stuðst við nýjustu fyrirliggjandi ársreikninga sjóðanna, sem í flestum tilvikum eru fyrir árið 2024. Að mati Ríkisendurskoðunar er sú aðferðafræði viðunandi með hliðsjón af eðli og stærð eignarhlutanna.

Ríkisendurskoðun framkvæmdi endurútreikning á gangvirðismatinu á grundvelli vinnuskjala Fjársýslu ríkisins og fór yfir forsendur matsins, undirliggjandi gögn og rekjanleika milli ársreikninga sjóðanna, vinnuskjala og bókhaldsfærslna ríkissjóðs. Matið byggir að meginstefnu á ytri og sannreynanlegum upplýsingum.

Mikilvægt er að breytingar á forsendum gangvirðismats séu ávallt vel rökstuddar og skjalfestar, þannig að rekjanleiki og samræmi sé tryggt milli reikningsára.

4.12 Lífeyrisskuldbindingar og starfstengd réttindi

Í endurskoðunarskýrslu 2024 var gerð athugasemd við lífeyrisskuldbindingu þar sem skuldbinding ríkissjóðs var metin samkvæmt reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en ekki samkvæmt IPSAS 39 um starfstengd réttindi.

Eins og fram kemur í skýringu ríkisreiknings fyrir árið 2025 þá var lífeyrisskuldbinding í ríkisreikningi leiðrétt í ársbyrjun 2025 þar sem hún var ekki í samræmi við IPSAS 39. Nú byggir lífeyrisskuldbindingin alfarið á IPSAS 39. Lífeyrisskuldbindingin er einnig leiðrétt vegna skuldbindinga LSR A-deildar og lífeyrisaukasjóðs LSR A-deildar sem voru ekki meðtaldar í lífeyrisskuldbindingu í ríkisreikningi 2024 og lífeyrisskuldbindingar Brúar lífeyrissjóðs sem var ofmetin í ríkisreikningi þá. Samtals leiðrétting til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu 1. janúar 2025 nemur 146,7 milljörðum króna og eigið fé 1. janúar 2025 er lækkað um sömu fjárhæð. Samanburðarfjárhæðir hafa ekki verið endurgerðar þar sem kostnaður við það var metinn of hár. Sú ákvörðun byggir á undanþáguákvæði í IPSAS 3.48.

Helsta breytingin er vegna breyttrar ávöxtunarkröfu við núvirðingu á lífeyrisskuldbindingu, en nú er miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sem hafa sambærilega tímalengd og lífeyrisskuldbindingin. Eignir í lífeyriskerfinu eru nú metnar á gangvirði í stað þess að vera að hluta til metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Framtíðarskuldbinding er ekki meðtalin í lífeyrisskuldbindingunni en væri það ef hún væri metin samkvæmt reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Þær breytingar sem hafa verið gerðar á lífeyrisskuldbindingu eru að mati Ríkisendurskoðunar í samræmi við það sem staðallinn IPSAS 39 gerir kröfu um. Sagt er frá þessum breytingum í skýringu nr. 29 og jafnframt skýrt frá því í samræmi við IPSAS 3.54 að samanburðarfjárhæðir hafi ekki verið endurgerðar.

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við að samanburðarfjárhæðir hafi ekki verið endurgerðar á grundvelli undanþáguákvæðis í IPSAS 3.48 þar sem rök eru til staðar fyrir því að verkefnið hefði verið of umfangsmikið og kostnaðarsamt. Telur embættið nægjanlega vel skýrt frá því.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur verið brugðist við ábendingu frá árinu 2024 um lífeyrisskuldbindingu með fullnægjandi hætti.

4.13 Laun og launatengd gjöld

Í endurskoðunarskýrslum síðustu ára hefur verið vakin athygli á að forstöðumenn stofnana samþykkja ekki launakeyrslur hvers mánaðar áður en laun eru greidd en æskilegt væri að slíkt samþykki væri skilyrt í launakerfinu. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins er vinna komin af stað við að breyta ferlinu við samþykki launa á þann veg að samþykki liggi fyrir áður en til útborgunar kemur. Eftir er að ljúka vinnu við ferlið og prófa það, auk þess að aðlaga þarf launakeyrslur og vinnulag hjá stofnunum ríkisins að breyttu ferli. Ekki liggur fyrir af hálfu Fjársýslunnar hvenær áætlað er að vinnu við ferlið verði lokið.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að formlegu samþykki forstöðumanna vegna launakeyrslu hvers mánaðar verði komið á í launakerfi áður en að útborgun fer fram en slíkt samþykki er ekki skilyrt í launakerfinu í dag. Mælst er til að vinnu sem hafin er við breytingar á ferlinu verði haldið áfram og henni lokið þannig að samþykki liggi fyrir áður en til útborgunar launa kemur.

Mikilvægt er að afstemmingar séu gerðar milli fjárhagsbókhalds og launakerfis að minnsta kosti einu sinni ári, auk þess að virkt eftirlit sé með því að launakeyrslur innan ársins skili sér með réttum hætti inn í fjárhagsbókhald. Undanfarna mánuði hafa fjármálasvið og mannauðssvið Fjársýslunnar unnið að því að bæta vinnulag við afstemmingar og eftirlit til að tryggja að laun færist rétt úr launakerfi í fjárhagsbókhald.

Bæta þarf skýrleika í framsetningu á heildarafstemmingu fjárhagsbókhalds og launakerfis. Auk þess þarf að huga að fleiri þáttum, m.a. afstemmingu tegundalykla í fjárhagsbókhaldi vegna ógreiddra launa og launatengdra gjalda og afstemmingu orlofsskuldbindingarkerfis við fjárhagsbókhald. Vinna við afstemmingu ógreiddra launa og launatengdra gjalda er hafin og síðar á árinu 2026 er fyrirhugað að fara yfir mismun á stöðu orlofsskuldbindingar í orlofsskuldbindingarkerfi og fjárhagsbókhaldi.

Nauðsynlegt er að Fjársýsla ríkisins haldi áfram að þróa eftirlit með að launakeyrslur færist rétt í fjárhagsbókhald þannig að kerfisvillur og mistök í skráningu uppgötvist tímanlega. Mikilvægt er að heildarafstemming milli fjárhagsbókhalds og launakerfis sé gerð með reglubundnum hætti og að framsetning sé skýr. Í því sambandi þarf jafnframt að huga að afstemmingu á orlofsskuldbindingu milli orlofsskuldbindingarkerfis og fjárhagsbókhalds. Einnig þarf að huga að afstemmingu tegundalykla í fjárhagsbókhaldi sem tengjast ógreiddum launum og launatengdum gjöldum.

Ekki hefur enn verið ráðist í nauðsynlega vinnu af hálfu Fjársýslunnar til að hægt sé að upplýsa um starfstengdar greiðslur og mögulegar skuldbindingar vegna þeirra svo sem vegna veikindaréttar, námsleyfa og starfslokauppgjörs í ríkisreikningi eins og IPSAS staðlar gera ráð fyrir. Ljóst er að fara þarf yfir og samræma skráningu slíkra réttinda hjá einstökum stofnunum og hjá mannauðssviði og er mælst til að farið verði í þá vinnu þannig að hægt sé að færa skuldbindingar vegna slíkra réttinda í ríkisreikningi og birta upplýsingar um þær og starfstengdar greiðslur í ríkisreikningi.

Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri ábendingar um að samkvæmt IPSAS stöðlum skuli upplýsa um starfstengdar greiðslur og mögulegar skuldbindingar vegna þeirra svo sem vegna veikindaréttar, námsleyfa og starfslokauppgjörs í ríkisreikningi og í skýringum um laun og launatengd gjöld.

4.14 Fjáreignir og fjárskuldir

Í endurskoðunarskýrslu 2024 var gerð ábending um flokkun fjármálagerninga í skýringum ríkisreiknings. Á árinu 2025 hefur Fjársýsla ríkisins unnið að úrbótum í kjölfar ábendingar en þeirri vinnu er ólokið. Meðal annars þarf aukna upplýsingagjöf frá aðilum í samstæðu ríkissjóðs til að hægt sé að vinna skýringar í samræmi við IPSAS tengt fjármálagerningum. Upplýsingagjöf og skýringar hafa verið bættar til muna með tilliti til fjárhæða allra tegunda fjáreigna og fjárskulda og stigveldi gangvirðis. Ríkisendurskoðun hvetur Fjársýslu ríkisins til að halda þessari vinnu áfram fyrir ríkisreikning þannig að upplýsingagjöf um fjármálagerninga og tengdar skýringar verði í fullri fylgni við IPSAS.

Ríkisendurskoðun var með ábendingu árið 2024 vegna RIKB og RIKS skuldabréfaútgáfna ríkisins, sem falla undir liðinn lántökur og eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Ábendingin sneri að því að dreifing þeirra affalla og yfirverðs sem myndast þegar kaupverð er ekki það sama og nafnverð, skuli afskrifað yfir líftíma fjármálagerningsins með aðferð virkra vaxta. Áður hafði þetta verið gert með línulegri aðferð.

Við gerð ríkisreiknings 2025 hefur verið tekið tillit til ábendingar Ríkisendurskoðunar og afföll og yfirverð fjármálagerninga afskrifuð með aðferð virkra vaxta. Þó svo útreikningurinn sé framkvæmdur í töflureikni, en ekki í þar til gerðu lánakerfi, er það mat Ríkisendurskoðunar að nálgun útreikningsins með aðferð virkra vaxta sé nægjanleg til þess að útiloka veruleg frávik.

4.15 Óvissar eignir og óvissar skuldir

Óvissar eignir og óvissar skuldir geta tilheyrt einstökum fjárlaganúmerum í A-, B- og C-hluta ríkissjóðs og heyrt undir hin ýmsu ráðuneyti. Ekki er haldið heildrænt utan um þessar eignir og skuldir. Í ríkisreikningi er umfjöllun um óvissar eignir og óvissar skuldir í skýringu 30 (aðrar skuldbindingar), í skýringu 34 (óvissar skuldir) og í skýringu 35 (atburðir eftir reikningsskiladag).

Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt IPSAS 19 um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir eigi að fara fram mat á hvort um reiknaðar skuldbindingar sé að ræða og hversu líklegt sé að þær raungerist. Einnig bendir Ríkisendurskoðun á að meta þurfi hvort um óvissar skuldir sé að ræða hjá ríkissjóði og tengdum aðilum með rekjanlegum hætti og að ná þurfi betur utan um óvissar eignir, svo sem þróunarreiti, byggingarétt og flugvallasvæði. Jafnframt þarf að huga betur að óvissum eignum sem felast í auðlindum en IPSAS 51 um áþreifanlegar auðlindir sem eru varðveittar mun taka gildi 1. janúar 2028.

> Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að fjármála- og efnahagsráðuneyti hafi ekki heildstætt yfirlit um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir.

4.16 Framlög til varnarmála og varnartengdra verkefna

Í skýringu 36 um áhættuþætti og áhættustýringu er gerð grein fyrir óvæntum gjöldum ríkissjóðs sem geta falið í sér aukna áhættu fyrir ríkissjóð. Þar er umfjöllun um skuldbindingar sem samþykktar voru á leiðtogafundi Atlandshafsbandalagsins í Haag í Hollandi í júní 2025. Þar skuldbundu bandalagsríki sig til að verja 5% af vergri landsframleiðslu til varnarmála fyrir árið 2035, þar af 3,5% til hermála og 1,5% til varnartengdra verkefna.

Í Haag yfirlýsingunni felst að Ísland hefur skuldbundið sig til þess að ráðstafa árlega 1,5% af vergri landsframleiðslu til þess að efla áfallaþol mikilvægra innviða sem hafa hernaðarlega þýðingu. Fjárhæð þessarar skuldbindingar liggur fyrir þó svo að ekki liggi fyrir áætlun um hvaða innviði ætlunin er að efla eða hvernig þessi útgjöld skuli fjármögnuð. Haag yfirlýsingin er í eðli sínu pólitísk viljayfirlýsing, en þrátt fyrir það er hún af þeirri stærðargráðu að hún getur haft þýðingu fyrir ríkisreikning, sérstaklega í ljósi þess að borgaralegir innviðir og hernaðarlegir innviðir eru ekki aðgreindir í ríkisreikningi.

4.17 Skuldbindingar vegna velferðarþjónustu

Á árinu 2025 var IPSAS reikningsskilastaðall 42 innleiddur í reikningsskil ríkissjóðs en staðallinn fjallar um reikningshaldslega meðferð félagslegrar aðstoðar og velferðarþjónustu sem veitt er í formi peningagreiðslna eða ígildis þeirra til viðtakanda. Staðallinn tók gildi 1. janúar 2023 en hafði verið frestað að hluta til, eins og fram kom í skýringu 2 í ríkisreikningi 2024.

Innleiðingarvinna var unnin af sérfræðingum hjá Fjársýslu ríkisins auk þess að fengið var álit frá utanaðkomandi IPSAS sérfræðingum um staðalinn og gildissvið hans í ríkisreikningi. Ekki reyndist þörf á útreikningum utanaðkomandi sérfræðinga við innleiðinguna. Lög sem tengjast félagslegum bótum voru greind og skoðuð. Farið var kerfisbundið yfir hvaða liðir í ríkisreikningi falla undir IPSAS 42 og aflað upplýsinga um hvenær bætur sem tilheyra árinu eru greiddar og gjaldfærðar. Bætur eru að stærstum hluta gjaldfærðar á viðeigandi tímabili, þ.e. á því tímabili sem bótaþegi hefur uppfyllt hæfnisskilyrði. Áhrif innleiðingarinnar eru því ekki mjög mikil þegar horft er til fjárhæða í ríkisreikningi. Helstu leiðréttingar sem gera þurfti fólust í leiðréttingum á bótum vegna lotunar milli tímabila og þá einkum hjá Tryggingastofnun. Um er að ræða leiðréttingar sem gera þarf hjá Tryggingastofnun á bótum fyrra árs þegar álagning tekjuskatts liggur fyrir.

IPSAS staðall 42 tók gildi 1. janúar 2023 og því þurfti að beita ákvæðum hans afturvirkt, m.a. með því að endurgera samanburðarfjárhæðir. Töluleg áhrif af innleiðingunni eru þau að eigið fé hækkar um 7,3 milljarða króna, gjaldfærðar félagslegar bætur hækka um 3,8 milljarða króna árið 2025 og skammtímakröfur í árslok 2025 lækka um 3,6 milljarða króna. Í skýringum um tilfærslur var aukið við upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði staðalsins auk þess að félagslegar bætur voru sérstaklega sundurliðaðar.

Ríkisendurskoðun telur að innleiðing IPSAS 42 við gerð ríkisreiknings 2025 hafi almennt tekist vel og að reikningsskil ríkissjóðs endurspegli í meginatriðum þær breytingar sem leiða af staðlinum.

4.18 Sjúklingatryggingar

Á árinu 2025 var byrjað að innheimta iðgjald vegna sjúklingatryggingar af heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af öðrum en ríki eða sveitarfélögum auk heilbrigðisstarfsmanna sem starfa sjálfstætt sbr. 9. gr. laga nr. 47/2024 um sjúklingatryggingu. Áður voru þessar tryggingar keyptar af tryggingafélögum. Sjúkratryggingar eru umsýsluaðili sjúklingatrygginga og halda utan um iðgjöldin, vátryggingaeign og vátryggingaskuld þeirra. Um er að ræða starfsemi sem kann að falla undir tryggingarsamninga og gæti fallið utan gildissviðs IPSAS 42 en beita þarf ákvæðum IFRS um tryggingarsamninga í staðinn. Umfang er metið tiltölulega lágt á árinu 2025 sem er fyrsta árið þar sem ný sjúklingatrygging er í gildi og skuldbinding nokkuð lág. Ljóst er að rýna þarf í hver áhrif

reikningsskilastaðla á bætur vegna veikinda og slysa vegna sjúklingatryggingar eru við gerð ríkisreiknings á næstu árum.

4.19 Yfirlit um afmarkaða hluta ríkissjóðs

Í ríkisreikningi fyrir samstæðu ríkissjóðs er framsetning yfirlits um afmarkaða hluta ríkissjóðs með þeim hætti að innbyrðisfærslur sem jafnaðar eru innan samstæðunnar eru ekki dregnar sérstaklega fram. Neikvæð afkoma ársins að fjárhæð 295 milljarðar króna fyrir A-hluta ríkisaðila samkvæmt yfirlitinu er ekki samanburðarhæf við neikvæða afkomu A-hluta að fjárhæð 182 milljarðar króna í yfirliti um afkomu í samstæðuársreikningi A-hluta. Framsetningin er með sambærilegum hætti og verið hefur. Samkvæmt Fjársýslu ríkisins var sú ákvörðun tekin að sýna ekki innbyrðisfærslur í sér dálki í yfirliti um afmarkaða hluta ríkissjóðs heldur færa þær á rétta starfsþætti. Fjársýsla ríkisins mun vinna að frekari yfirferð og úrvinnslu framsetningar yfirlits um starfsþætti á árinu 2026.

> Ríkisendurskoðun vekur athygli á að upplýsingar í yfirliti um afmarkaða hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi samstæðu eru ekki samanburðarhæfar við upplýsingar í yfirliti um afkomu í samstæðureikningi A-hluta.

4.20 Ríkisaðilar í A1-hluta ríkissjóðs

Nokkrir stórir ríkisaðilar í A1-hluta mynda mikilvægan hluta ríkisreiknings. Skekkjur í reikningsskilum þeirra geta haft veruleg áhrif á ríkisreikninginn í heild. Mikilvægustu stofnanirnar samkvæmt áhættumati Ríkisendurskoðunar eru Vegagerðin, Landspítali, Háskóli Íslands, Landhelgisgæsla Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun og Sjúkratryggingar Íslands.

Fyrirkomulag endurskoðunarvinnunnar hjá Ríkisendurskoðun byggir á forsendu um mat á áhættu tengd einstökum ríkisaðilum og liðum í ríkisreikningi.

Skil ársreikninga

Í 54. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um að ríkisaðilar í A1-hluta ríkissjóðs skuli skila ársreikningi og eignaskrá til Fjársýslu ríkisins, hlutaðeigandi ráðherra og Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 28. febrúar ár hvert.

Samkvæmt birtum skilum ríkisaðila í A1 á vef Fjársýslu ríkisins 2. september 2026 eru samtals 387 fjárlaganúmer sem eiga að skila ársreikningi. Búið er að setja inn ársreikninga allra aðila á vef Fjársýslu ríkisins. Af 387 fjárlaganúmerum voru einungis fimm aðilar sem skiluðu fyrir 28. febrúar 2026. Skil ársreikninga eftir 28. febrúar dreifast yfir mánuðina mars til ágúst 2026.

Við skoðun á skilum ársreikninga ríkisaðila í A1 fyrir árið 2023 eru enn sjö ársreikningar sem er óskilað 2. september 2026. Ríkiseignir voru flokkaðar sem A1–hluta ríkisaðili á árinu 2023 og hefur ekki verið skilað ársreikningi fyrir Ríkiseignir 2023. Ríkiseignir halda utan um verulegan hluta fasteigna ríkissjóðs og gerir Ríkisendurskoðun athugasemd við að frágangi ársreiknings 2023 sé enn ekki lokið í júní 2026. Við skoðun á skilum ársreikninga ríkisaðila í A1 fyrir árið 2024 eru fimm aðilar sem ekki hafa lagt fram ársreikninga samkvæmt birtum skilum, en einn af þeim eru Ríkiseignir.

Samkvæmt 54. gr. laga um opinber fjármál skal hver ráðherra sjá til þess að ríkisaðilar sem undir hann heyra uppfylli ákvæði laganna um skilafresti ársreikninga. Fjármála- og efnahagsráðuneyti þarf að tryggja að ekki sé misbrestur á skilum og yfirfara hvað hamlar að skilað sé innan lögbundins skiladags.

Áritanir á ársreikninga ríkisaðila í A1-hluta ríkissjóðs

Við skoðun á skilum ársreikninga ríkisaðila í A1 fyrir árið 2025 sést að sjö ársreikningar eru án undirskriftar forstöðumanns. Það eru ársreikningar *02-741 Ráðgjafar- og greiningarstöð, 07-171 Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, 09-999 Ýmislegt* (tilheyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti), *10-213 Samgöngusáttmálinn á höfuðborgarsvæðinu, 14-206 Náttúruverndarstofnun* og *14-505 Orkusjóður*.

Við skoðun á skilum ársreikninga ríkisaðila í A1 fyrir árið 2024 hafa átta aðilar skilað óundirrituðum ársreikningi, þar á meðal *06-201 Hæstiréttur*, *09-977 Bankasýsla ríkisins*, *10-213 Samgöngusáttmálinn á höfuðborgarsvæðinu*, *14-211 Umhverfisstofnun* og *14-505 Orkusjóður*. Samkvæmt 55. gr. laga um opinber fjármál skal ársreikningur ríkisaðila í A1-hluta áritaður af viðkomandi forstöðumanni þar sem m.a. komi fram að hann sé gerður í samræmi við lög og reglur sem gilda um reikningsskil ríkisins og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til glöggvunar á rekstrarafkomu og stöðu ríkisaðilans.

Samkvæmt 55. gr. laga um opinber fjármál skal ársreikningur ríkisaðila í A1-hluta ríkissjóðs vera áritaður af viðkomandi forstöðumanni. Fjármála- og efnahagsráðuneyti þarf að tryggja að forstöðumenn A1 ríkisaðila áriti reikningsskil án undantekninga.

4.21 Ríkisaðilar aðrir en í A1-hluta ríkissjóðs

Nokkrir stórir ríkisaðilar í A2-, A3-, B- og C-hluta mynda mikilvægan hluta ríkisreiknings. Skekkjur í reikningsskilum ríkisaðila í A2-, A3-, B- og C-hluta geta haft veruleg áhrif á ríkisreikninginn í heild. Flokkun ríkisaðila í undirflokka innan A-hluta flækir gerð ríkisreiknings og er ekki í samræmi við þá flokkun sem fram kemur bæði í IPSAS og alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Í 54. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um að ríkisaðilar í A2-hluta ríkissjóðs skuli skila ársreikningi og eignaskrá til Fjársýslu ríkisins, hlutaðeigandi ráðherra og Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 28. febrúar ár hvert. ÍL-sjóður, Ríkiseignir, Náttúruhamfaratrygging Íslands, Húsnæðissjóður, Byggðastofnun og Menntasjóður námsmanna flokkast sem A2 ríkisaðilar. Hjá þremur aðilum lágu fyrir undirritaðir ársreikningar fyrir 28. febrúar en tveir þeirra undirrituðu ársreikninga í mars og maí. Ekki er búið að undirrita ársreikning ÍL-sjóðs. Fjársýsla ríkisins og hlutaðeigandi ráðherra þurfa að sjá til þess að ríkisaðilar í A2-hluta uppfylli ákvæði laga um opinber fjármál um skilafrest á ársreikningi.

Í lögum um opinber fjármál er einnig kveðið á um að aðilar í A3-, B- og C-hluta skuli skila ársreikningi til Fjársýslu ríkisins, hlutaðeigandi ráðherra og Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 31. mars ár hvert. Fjársýsla ríkisins hefur gert sitt ítrasta við að fá aðila til að skila ársreikningum

innan lögbundins tímafrests. Það hefur ekki náðst í öllum tilvikum og er það nú verkefni fram undan að skoða hvernig bæta megi úr. Fjármála- og efnahagsráðuneyti þarf að ganga eftir því að ráðherrar sjái til þess að ríkisaðilar í A3-, B- og C-hluta sem undir þá heyra uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

Í umfjöllun hér fyrir neðan koma fram upplýsingar um eignarhlut ríkissjóðs í aðilum utan A1-hluta. Eignarhluturinn er ýmist 100% eignarhald eða minna. Ríkissjóður færir tekjur af eignarhlutum í samræmi við eignarhald sitt í viðkomandi aðila, þ.e. sem hlutdeildartekjur. Til glöggvunar eru einnig birtar upplýsingar um heildareignir og heildarskuldir aðilanna samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi þeirra fyrir árið 2025.

4.21.1 A2-hluta ríkisaðilar

Ríkisaðilar í A2-hluta (í millj. kr.)	Tekjur samkvæmt ársreikningi	Heildareignir samkvæmt ársreikningi	Heildarskuldir samkvæmt ársreikningi	Eigið fé samkvæmt ársreikningi	Eignar-hlutur
Menntasjóður námsmanna	15.070	130.750	59.888	70.862	100%
Náttúruhamfaratrygging Íslands	11.476	57.469	9.178	48.291	100%
Húsnæðissjóður	14.471	221.712	194.844	26.868	100%
Ríkiseignir	19.859	135.552	124.946	10.606	100%
Byggðastofnun	3.548	33.870	27.276	6.594	100%

ÍL-sjóður

Á árinu 2025 var unnið að uppgjöri ÍL-sjóðs. Uppgjörið byggir á niðurstöðu viðræðunefnda fjármála- og efnahagsráðherra og ráðgjafa 18 lífeyrissjóða. Eigendur HFF skuldabréfanna fengu frá ÍL-sjóði og íslenska ríkinu ríkisskuldabréf, önnur verðbréf og reiðufé í evrum og íslenskum krónum gegn afhendingu skuldabréfanna. Þann 3. júní 2025 samþykkti Alþingi breytingu á fjáraukalögum nr. 24/2025 með breytingu á 5. gr. fjárlaga og við bættist nýr töluliður þess efnis „að gefa út ríkisskuldabréf allt að 510 milljarða króna að höfuðstól til að endurfjármagna skuld ríkissjóðs við ÍL-sjóð og innleysa hluta eigna sjóðsins, ásamt því að gera upp fyrirliggjandi ríkisábyrgð á skuldum sjóðsins." Í júní 2025 fór fram uppgjör á HFF bréfunum þegar ríkissjóður nýtti heimildir til útgáfu ríkisskuldabréfa samkvæmt breytingu á fjáraukalögum.

Samkvæmt drögum að ársreikningi ÍL-sjóðs fyrir árið 2025 nema eignir sjóðsins í handbæru fé að fjárhæð 16 milljörðum króna og útlán 98 milljörðum króna. Skuldir eru að langmestu leyti kröfur á tengda aðila að fjárhæð 229 milljarðar króna og verðbréfaútgáfa að fjárhæð 16 milljarðar króna. Eigið fé er neikvætt um 132 milljarða króna. Fjármála- og efnahagsráðuneyti stefnir á að slíta ÍL-sjóði á árinu 2026 og færast þá eignir hans og skuldir yfir til ríkissjóðs.

Ekki liggur fyrir ákvörðun um hvernig endanlegur ársreikningur ÍL-sjóðs fyrir árið 2025 muni líta út en í endurskoðunarskýrslum ríkisreiknings fyrri ára hefur Ríkisendurskoðun gert athugasemd við að ársreikningar sjóðsins hafi verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga en ekki samkvæmt IPSAS eins og mælt er fyrir um í lögum um opinber fjármál.

Í inngangsorðum fjármála- og efnahagsráðherra er fjallað um samkomulag um uppgjör ÍL-sjóðs en í skýringum ríkisreiknings 2025 er ekki gerð frekari grein fyrir uppgjöri ÍL-sjóðs á árinu. Um verulegar fjárhæðir er að ræða fyrir ríkissjóð þar sem eigið fé ÍL-sjóðs var neikvætt um 262 milljarða króna í lok árs 2024. Heildareignir 31. desember 2025 námu 532 milljörðum króna á móti 794 milljörðum króna skulda. Í skýringum kemur ekki fram hver gjaldfærsla vegna uppgjörs ÍL-sjóðs hafi numið, en í ríkisreikningi 2024 kom fram að eftirstandandi áætluð gjaldfærsla í ríkisreikningi hafi verið 60 milljarðar króna. Að mati Ríkisendurskoðunar hefðu skýringar um slit ÍL-sjóðs verið upplýsandi fyrir lesendur ríkisreiknings.

Menntasjóður námsmanna

Menntasjóður námsmanna telst til A2–hluta ríkissjóðs. Áritun endurskoðanda á ársreikning sjóðsins er án fyrirvara. Gerðar voru breytingar á framsetningu reikningsskila sjóðsins árið 2024 í kjölfar reglugerðar nr. 67/2025, sem kvað á um að fullur aðskilnaður eigi að vera í bókhaldi Menntasjóðs námsmanna milli eldri námslána sem veitt voru af LÍN og nýrra útlána Menntasjóðs námsmanna, að því er varðar rekstur og sjóðstreymi. Gerðir eru ársreikningar annars vegar fyrir LÍN og hins vegar fyrir Menntasjóð námsmanna, ásamt samstæðuársreikningi fyrir Menntasjóð námsmanna. Stjórnendur og endurskoðendur árituðu ársreikninga sjóðsins þann 31. mars 2026 sem er fram yfir lögbundinn skiladag ársreikninga samkvæmt lögum um opinber fjármál.

> Endurskoðendur Menntasjóðs námsmanna benda á, líkt og í endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings Menntasjóðs námsmanna 2024, að heildstæðu uppgjöri milli LÍN og Menntasjóðs námsmanna verði lokið. Jafnframt verði gerður rekstrarsamningur milli sjóðanna og fjármögnun útlána og reksturs Menntasjóðs námsmanna fari í gegnum Endurlán ríkisins.

Húsnæðissjóður

Húsnæðissjóður telst til A2-hluta ríkissjóðs. Áritun endurskoðanda á ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 er án fyrirvara. Í endurskoðunarskýrslu Húsnæðissjóðs er bent á að formlega lánasamninga skorti vegna fjármögnunar á hlutdeildarlánum umfram 6,4 milljarða króna en staða hlutdeildarlána var um 12,7 milljarðar króna í lok árs 2025. Á árinu 2025 var með lagabreytingu gerð breyting á fjármögnun hlutdeildarlána og teljast þau nú sem hluti af útlánasafni sjóðsins. Lánin eru nú færð á gangvirði í samræmi við IPSAS í gegnum rekstrarreikning.

4.21.2 Stærstu A3-hluta ríkisaðilar

Ríkisaðilar í A3-hluta (í millj. kr.)	Heildartekjur samkvæmt ársreikningi	Heildareignir samkvæmt ársreikningi	Heildarskuldir samkvæmt ársreikningi	Eigið fé samkvæmt ársreikningi	Eignar-hlutur
Fasteignafélagið Þórkatla ehf.	13	55.380	35.496	19.884	99,93%
Betri samgöngur ohf.	0	39.480	24.491	14.989	99,99%
Leigufélagið Bríet ehf.	1.319	26.577	16.419	10.158	86,10%
Harpa ohf. (samstæðuársreikn.)	2.472	35.916	25.297	10.619	54,00%
Vísindagarðar Háskóla Ísl. ehf.	1.080	16.084	9.060	7.023	94,60%
Öryggisfjarskipti ehf.	591	2.427	133	2.294	100,00%
Ríkisútvarpið ohf.	9.389	10.036	8.399	1.636	100,00%
Þróunarfélag Keflav.flugv. ehf.	151	1.148	173	975	100,00%
Fasteignir Háskóla Íslands	4.061	68.066	71.560	(3.494)	100,00%

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fasteignafélagið Þórkatla ehf. telst til A3-hluta ríkissjóðs og var félagið stofnað á árinu 2024 í þeim tilgangi að sjá um uppkaup fasteigna í eigu einstaklinga í Grindavík. Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning félagsins. Áritun fyrir árið 2025 er án fyrirvara en með ábendingarmálsgrein vegna mats fjárfestingareigna og mikilvægi skýringar um matsaðferðir og helstu forsendur við mat á gangvirði fjárfestingareigna. Matsbreyting fjárfestingareigna nam 1.009 milljónum króna til gjalda en félagið fékk tjónabætur frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands að fjárhæð 1.458 milljónum króna.

Betri samgöngur ohf.

Betri samgöngur ohf. telst til A3-hluta ríkissjóðs og var félagið stofnað á árinu 2019 í þeim tilgangi að undirbúa og hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningssamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins, er frá 26. september 2019 og var uppfært 21. ágúst 2024.

Haldið er utan um allar framkvæmdir Betri samgangna frá upphafi í einu töflureiknisskjali, þar sem fram koma framkvæmdir ársins, skuldir við aðila Samgöngusáttmálans, afhent verkefni og dreifing kostnaðar og tekna. Að mati Ríkisendurskoðunar er þetta fyrirkomulag ekki nægjanlega traust, sem getur haft áhrif á rekjanleika og áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.

Skuldir við aðila Samgöngusáttmála eru reiknaðar sem framlög frá upphafi að frádregnum lokinna og afhentra framkvæmda. Ríkisendurskoðun vill benda á að skilagreinar vegna lokinna og afhentra framkvæmda hafa ekki verið formlega gerðar. Um er að ræða verkefni sem nema 11,2 milljörðum króna.

4.21.3 Stærstu B-hluta ríkisaðilar

Ríkisaðilar í B-hluta (í millj. kr.)	Heildartekjur samkvæmt ársreikningi	Heildareignir samkvæmt ársreikningi	Heildarskuldir samkvæmt ársreikningi	Eigið fé sbr. samkvæmt ársreikningi	Eignar-hlutur
Happdrætti Háskóla Íslands	2.995	9.848	1.179	8.669	100,00%
ÁTVR	41.888	9.357	1.800	7.557	100,00%
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (*afkoma ársins)	(349)*	6.393	28	6.365	100,00%

4.21.4 Stærstu C-hluta ríkisaðilar

Ríkisaðilar í C-hluta (í millj. kr.)	Heildartekjur samkvæmt ársreikningi	Heildareignir samkvæmt ársreikningi	Heildarskuldir samkvæmt ársreikningi	Eigið fé sbr. samkvæmt ársreikningi	Eignar-hlutur
Landsbankinn hf.	84.211	2.324.939	1.981.166	343.773	98,20%
Landsvirkjun (*á gengi USD í árslok 2025)	76.063*	448.694*	159.349*	289.345*	100,00%
Landsnet hf. (*á gengi USD í árslok 2025)	26.074*	171.724*	88.409*	83.315*	93,20%
Seðlabanki Íslands	31.807	1.000.626	923.947	76.679	100,00%
Rarik ohf.	28.349	107.224	38.964	68.260	100,00%
Isavia ohf.	49.262	121.434	68.751	52.684	100,00%
Orkubú Vestfjarða ohf.	4.410	15.134	4.134	11.000	100,00%
Farice ehf. (*á gengi EUR í árslok 2025)	2.369*	13.070*	2.773*	10.297*	100,00%
Íslandspóstur ohf.	6.922	5.956	1.554	4.403	100,00%
Orkufjarskipti	808	2.645	1.159	1.486	100,00%

4.21.5 Niðurstöður endurskoðunar á aðilum utan A1-hluta ríkissjóðs

Við yfirferð á samstæðu ríkisreikningsins og skoðun á niðurstöðu endurskoðunar stærstu aðila vill Ríkisendurskoðun vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

- Samstæða ríkissjóðs samanstendur af A-, B- og C-hluta ríkisaðilum. Reikningsskil aðila í A1- og A2-hluta eiga að vera í samræmi við IPSAS en aðilar í A3-, B- og C-hluta mega beita öðrum reikningsskilareglum í samræmi við lög um opinber fjármál.

- Töluvert flækjustig fylgir því að setja saman samstæðu ríkissjóðs, afla gagna og yfirfara viðskipti milli tengdra aðila. Mikilvægt er að ríkisaðilar bregðist vel við gagnabeiðnum Fjársýslu ríkisins og virði lögbundna tímafresti við gerð reikningsskila sinna.

- Ársreikningar aðila í A2-, A3-, B- og C-hluta eru endurskoðaðir og gefnar eru út sérstakar endurskoðunarskýrslur fyrir öll mikilvæg félög og sjóði. Ef tilefni er til, er getið um þær verulegu niðurstöður sem áhrif geta haft á ríkisreikning hér í endurskoðunarskýrslu ríkisreiknings fyrir árið 2025.

- Viðskipti eru veruleg milli aðila A-, B- og C-hluta. Stöður og viðskipti eru tekin út með jöfnunarfærslum við gerð samstæðu A-hluta og samstæðu A-, B- og C-hluta og er þá byggt á innsendum upplýsingum frá aðilum í A2-, A3-, B- og C-hluta. Sjá umfjöllun í kafla 4.2.

5 Fylgni við reikningsskilastaðla

Í endurskoðunarskýrslu vegna ríkisreiknings 2022 var ítarlegur kafli um fylgni við reikningsskilastaðla sem Ríkisendurskoðun hefur áréttað í endurskoðunarskýrslum vegna ríkisreiknings 2023 og 2024. Fjársýsla ríkisins hefur bætt upplýsingagjöf í ríkisreikningi og nú er stuðst við IPSAS gátlista að hluta til. Við innleiðingu IPSAS staðla á árinu 2025 leituðu stjórnendur Fjársýslu ríkisins til ytri sérfræðinga varðandi einstaka álitaefni. Ríkisendurskoðun telur að enn megi bæta og auka upplýsingar í ríkisreikningi fyrir lesendur hans varðandi einstaka liði, t.d. varðandi fjáreignir, útlán og áhættuskýringar. Því er mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýsla ríkisins vinni áfram að úrbótum.

Á árinu 2025 voru eftirtaldir reikningsskilastaðlar innleiddir í reikningsskil ríkissjóðs:

- IPSAS 36 um fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og sameiginlegum verkefnum að hluta (Investments in Associates and Joint Ventures), tók gildi 1. janúar 2017
- IPSAS 37 um samrekstur (Joint arrangement), tók gildi 1. janúar 2017
- IPSAS 38 um upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum (Disclosure of Interests in Other Entities), tók gildi 1. janúar 2018
- IPSAS 42 um velferðarþjónustu og félagslega aðstoð (Social Benefits), tók gildi 1. janúar 2023
- IPSAS 44 um fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi (Non-current Assets Held for Sale and Discontinued Operations), tók gildi 1. janúar 2025.
- IPSAS 45 um varanlega rekstrarfjármuni (Property, Plant and Equipment), tók gildi 1. janúar 2025.
- IPSAS 46 um mat og mælikvarða (Measurement), tók gildi 1. janúar 2025.

Gerð er grein fyrir innleiðingunni og áhrifum innleiðingar hvers staðals í ríkisreikningi í skýringu 2 um alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Fimm nýir IPSAS reikningsskilastaðlar hafa verið gefnir út og taka gildi á næstu árum. Þessir reikningsskilastaðlar eru:

- IPSAS 47, Tekjur (Revenue), tók gildi 1. janúar 2026
- IPSAS 48, Tilfærsluútgjöld (Transfer Expenses), tók gildi 1. janúar 2026
- IPSAS 49, Starfslokagreiðslur (Retirement Benefit Plans), tók gildi 1. janúar 2026
- IPSAS 50, Rannsóknir og mat á jarðefnaauðlindum (Exploration for and Evaluation of Mineral Resources), tekur gildi 1. janúar 2027
- IPSAS 51, Áþreifanlegar auðlindir sem eru varðveittar (Tangible Natural Resources held for Conservation), var gefinn út í janúar 2026 og tekur gildi 1. janúar 2028

Í skýringu 2 í ríkisreikningi kemur fram að reikningsskilaráð ríkisins hafi heimilað frestun á innleiðingu IPSAS 47 og IPSAS 48 í samræmi við heimild í 52. gr. laga um opinber fjármál. Staðall 47 um tekjur og staðall 48 um tilfærslur eru umfangsmiklir og er óvíst hversu mikil áhrif innleiðing þeirra muni hafa á reikningsskil ríkissjóðs. Frestun innleiðingar IPSAS 47 og 48 mun hafa þau áhrif að ríkisreikningur ársins 2026 verður ekki að öllu leyti í samræmi við IPSAS.

Í skýringu 2 kemur fram að innleiðing IPSAS 49 um starfslokagreiðslur muni ekki hafa áhrif á reikningsskil ríkissjóðs og að innleiðing IPSAS 50 um rannsóknir og mat á jarðefnaauðlindum hafi óveruleg áhrif á reikningsskil ríkissjóðs.

Mikilvægt er að fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýsla ríkisins haldi áfram að vinna eftir nýju og breyttu verklagi varðandi innleiðingu reikningsskilastaðla en það verklag hefur gefið góða raun vegna innleiðingar staðla síðasta árið.

RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík | Glerárgata 34, 600 Akureyri
Sími 448-8800 | postur@rikisendurskodun.is | rikisendurskodun.is